

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2030

2016/EES/18/34

frá 13. nóvember 2015

## um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 14. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er í löggjöf Sambandsins staðið við skuldbindingarnar sem settar eru fram í Stokkhólmsamningnum um þrávirk lífræn efni, sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB <sup>(2)</sup>, og í Árósabókuninni um þrávirk, lífræn efni (hér á eftir nefnd „bókunin“) við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni (hér á eftir nefndur „CLRTAP-samningurinn“) sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB <sup>(3)</sup>.
- 2) Í ákvörðun 2009/2 <sup>(4)</sup>, sem framkvæmdastjórn CLRTAP-samningsins samþykkti á 27. fundi sínum frá 14. til 18. desember 2009, voru keðjustutt, klóruð paraffín skilgreind sem þrávirkt, lífrænt mengunarefni. Þeim var bætt sem slíkum í bókunina til að fella þau brott, með tveimur undanþágum: notkun sem eldtefjandi efni í gúmmí sem er notað í færíbönd í námuíðnaði eða í þéttiefni í stíflur. Samkvæmt ákvörðun 2009/2 eru aðilar að bókuninni skuldbundnir til að fella brott þessar tvær notkunar aðferðir um leið og hentugar staðgöngu aðferðir eru tiltækar. Ákvörðun 2009/2 var felld inn í lög Sambandsins með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2012 <sup>(5)</sup> þar sem keðjustutt, klóruð paraffín eru skráð í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004.
- 3) Í færslunni um keðjustutt, klóruð paraffín í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er kveðið á um undanþágu fyrir framleiðslu, setningu á markað og notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína í færíbönd í námuíðnaði og í þéttiefni í stíflur. Til að fara að ákvörðun 2009/2 og samkvæmt fyrrgreindri færslu verður framkvæmdastjórnin, um leið og nýjar upplýsingar um notkun og öruggari staðgönguefni eða -aðferðir verða tiltækar, að endurskoða undanþágurnar með það fyrir augum að hætta eftirstandandi notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína í áföngum. Slik endurskoðun, sem er skyldubundin samkvæmt ákvörðun 2009/2, er í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins 2006/507/EB frá 14. október 2004 um gerð Stokkhólmsamningsins um þrávirk lífræn efni, fyrir hönd Evrópubandalagsins (Stjtið. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins 2004/259/EB frá 19. febrúar 2004 um gerð bókunarinnar um þrávirk lífræn mengunarefni, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Stjtið. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35).

<sup>(4)</sup> C.N.556.2010.TREATIES-4.

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2012 frá 19. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka (Stjtið. ESB L 159, 20.6.2012, bls. 1).

- 4) Í samræmi við ákvörðun 2009/2 og færsluna um keðjustutt, klóruð paraffín í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 ætti við endurskoðunina á undanþágunum að leggja áherslu á tiltækileika hentugra staðgönguáferða fyrir þær tvær notkunaraðferðir sem eftir standa. Þegar slíkar staðgönguáferðir hafa verið tilgreindar ætti að fella undanþágurnar brott úr færslunni.
- 5) Árið 2010 lagði Holland fram málsskjöl um keðjustutt, klóruð paraffín undir heitinu „Evaluation of possible restrictions on short chain chlorinated paraffins“ (mat á hugsanlegum takmörkunum er varða keðjustutt, klóruð paraffín) (hér á eftir nefnd málsskjölin) <sup>(6)</sup>. Í málsskjölunum eru tilgreindir nokkrir staðgöngukostir sem hægt er að nýta í stað keðjustuttra, klóraðra paraffína í færíbönd í námuiðnaði og í þéttiefni í stíflur. Í málsskjölunum er tekið mið af niðurstöðum úr samráði við almenning sem fór fram við samantekt þeirra í Hollandi.
- 6) Á meðal þeirra ýmsu staðgöngukosta sem tilgreindir hafa verið eru þeir þekktustu miðlungslangkeðja og langkeðja, klóruð paraffín en miðlungslangkeðja, klóruð paraffín virðast vera sá kostur sem mikill meirihluti notenda velur. Bæði miðlungslangkeðja og langkeðja, klóruð paraffín búa yfir nothæfiseiginleikum sem eru svipaðir eiginleikum keðjustuttra, klóraðra paraffína. Önnur tiltæk staðgönguefni eru m.a. efni á borð við eldtefjandi efni með lífrænu fosfati og mýkiefni með fosfati, ólífræn eldtefjandi efni og ýmis önnur.
- 7) Í samráðinu við almenning hafa nokkur evrópsk fyrirtæki bent á að umbreyting yfir í staðgönguefni gangi ekki endilega snurðulaust fyrir sig og að breyting á efnasamsetningu gæti tekið töluverðan tíma. Dæmi sýna þó að til eru evrópsk fyrirtæki sem eru byrjuð að nota staðgönguefni án tiltölulegra vandræða. Að því er varðar sérstaklega þessar tvær notkunaraðferðir, sem eru undanþegnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 850/2004, hefur stór framleiðandi færíbanda bent á að umbreyting yfir í miðlungslangkeðja, klóruð paraffín hafi gengið snurðulaust fyrir sig og haft lítinn kostnað í för með sér. Á meðan undirbúningur samráðsins fór fram unnu tvö önnur fyrirtæki í að finna staðgöngukosti.
- 8) Á árinu 2013 hafði framkvæmdastjórnin samráð við viðkomandi hagsmunaaðila í námuiðnaði. Í samráðinu kom í ljós að færíbönd, sem innihalda keðjustutt, klóruð paraffín, eru ekki lengur notuð í iðnaðinum við námugróft.
- 9) Að því er varðar þéttiefni í stíflur, sem innihalda keðjustutt, klóruð paraffín, þá virðast þau ekki vera framleidd, sett á markað eða notuð í Sambandinu. Árið 2008 höfðu hlutaðeigandi hagsmunaaðilar þegar upplýst Efnastofnun Evrópu <sup>(7)</sup> um að keðjustutt, klóruð paraffín virðist ekki vera í notkun eða að verið sé að hætta notkun þeirra í áföngum í þéttiefni (þ.m.t. þéttiefni í stíflur) í Evrópu.
- 10) Í júní 2012 lýsti eina þekkt fyrirtækið, sem skráði framleiðslu á keðjustuttum, klóruðum paraffínum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 <sup>(8)</sup>, því yfir að það hefði hætt að framleiða efnin og hefði ekki í hyggju að hefja framleiðsluna á ný.
- 11) Hentugir staðgöngukostir í stað notkunar á keðjustuttum, klóruðum paraffínum í færíbönd í námuiðnaði og í þéttiefni í stíflur eru tiltækir. Því er framkvæmdastjórninni skylt, samkvæmt ákvörðun 2009/2 og endurskoðunarákvæðinu í færslunni um keðjustutt, klóruð paraffín í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004, að fella þessar tvær notkunaraðferðir brott. Þótt iðnaðurinn virðist sjálfviljugur hafa hætt þessum tveimur notkunaraðferðum í áföngum ætti að fella brott undanþágurnar í færslunni til að tryggja að farið sé að öllu leyti að markmiðum alþjóðasamninga um að hætta notkun þrávirkra, lífrænna mengunarefna.
- 12) Einnig er nauðsynlegt, að því er varðar keðjustutt, klóruð paraffín, að skýra að bannið í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 gildir ekki um færíbönd í námuiðnaði og þéttiefni í stíflur sem eru þegar í notkun á þeim degi sem þessi reglugerð öðlast gildi.
- 13) Ennfremur er nauðsynlegt að skýra að leyfilegt er að setja á markað og nota hluti sem innihalda keðjustutt, klóruð paraffín í styrkleika sem er undir 0,15% miðað við þyngd þar eð þetta er það magn af keðjustuttum, klóruðum paraffínum sem má vera fyrir hendi sem óhreinindi í hlut sem er framleiddur með miðlungslangkeðja, klóruðum paraffínum.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 67/548/EBE <sup>(9)</sup>.

<sup>(6)</sup> „Evaluation of possible restrictions on short chain chlorinated paraffins (SCCPs)“, tekið saman fyrir Lýðheilsu- og umhverfisstofnunina í Hollandi (RIVM), RPA júlí 2010.

<sup>(7)</sup> [http://echa.europa.eu/documents/10162/13640/tech\\_rep\\_alkanes\\_chloro\\_en.pdf](http://echa.europa.eu/documents/10162/13640/tech_rep_alkanes_chloro_en.pdf)

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leysisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglur (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

<sup>(9)</sup> Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir alkön, C10–C13, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP) í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 komi eftirfarandi:

„Alkön, C10–C13, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP)	85535-84-8	287-476-5	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Með undanþágu skal heimilt að framleiða efni eða efnablöndur sem innihalda keðjustutt, klóruð paraffín, setja þær á markað og nota þær ef styrkur paraffínanna er lægri en 1% miðað við þyngd eða hluti sem innihalda keðjustutt, klóruð paraffín ef styrkur þeirra er lægri en 0,15% miðað við þyngd.</li> <li>2. Leyfa skal notkun að því er varðar: <ol style="list-style-type: none"> <li>a) færribönd í námuðnaði og þéttiefni í stíflur sem innihalda keðjustutt, klóruð paraffín sem eru þegar í notkun 4. desember 2015 og</li> <li>b) aðra hluti sem innihalda keðjustutt, klóruð paraffín en þá sem um getur í a-lið og eru þegar í notkun 10. júlí 2012.</li> </ol> </li> <li>3. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. gilda um hluti sem um getur í 2. lið hér á undan.“</li> </ol>
--	------------	-----------	--